

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2014

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 með síðari breytingum.

Bandalag háskólamanna hefur mótað sér skýra stefnu í málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og þar kemur fram að:

- Það er markmið bandalagsins að námslán og/eða námsstyrkir tryggi jafnrétti til náms og námsvals.
- Brýnt er að greiðslubyrði námslána verði létt, endurgreiðslukerfi einfaldað og að hugað verði að námsstyrkjakerfi í tengslum við námslán.
- Endurskoða þarf skörun lána vegna náms við styrki vegna barna og/eða húsnæðis.
- BHM leggur áherslu á að skuldir vegna námslána séu jafnan metnar til jafns við aðrar skuldir heimila þegar mótaðar eru aðgerðir til að létta skuldir landsmanna.
- BHM stefnir að því að eiga fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Bandalag háskólamanna spurði félagsmenn sína um námslánaskuldir þeirra í síðustu kjarakönnun sinni. Þar kom fram að 86% félagsmanna höfðu tekið námslán og var hlutfallið svipað milli aldurshópa, þó lægst hjá þeim sem komnir eru yfir sextugt. Eftir því sem lengra nám hefur verið stundað er hlutfall þeirra sem tekið hafa námslán hærra.

Yfir helmingur þeirra sem eru að greiða af námslánnum sínum finnur mikið eða verulega fyrir greiðslubyrði námslána eða ræður ekki við greiðslubyrðina og yfir 40% til viðbótar finna nokkuð fyrir greiðslum af námslánnum. Reikna má með að um 22,4% þeirra sem eru að greiða af námslánnum muni greiða af þeim eftir að eftirlaunaaldri er náð og þar af muni tæpum helmingi ekki endast aldur til að greiða upp námslán sitt.

Bandalag háskólamanna styður því það að námslán falli niður þegar lánþegi nær eftirlaunaaldri og einnig að ábyrgð ábyrgðarmanna falli niður við 67 ára aldur. BHM telur að til að jafnræðis sé gætt milli ábyrgðarmanna þeirra sem tóku lán fyrir 2009 og þeirra sem hafa tekið lán frá hausti 2009 að ábyrgð allra ábyrgðarmanna eigi að falla niður nú þegar.

Virðingarfyllst,



Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður.